

Reykjavík, 7. júní 2018

Efni: Umsögn ÍSÍ á frumvarpi um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, 622. mál

Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands styður frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu upplýsinga. Nauðsynlegt er að standa vörð um friðhelgi einkalífsins, ekki síst í ljósi þess mikla aðgengis sem almenningur hefur að persónugreinanlegum upplýsingum og mikillar almennrar uppsöfnunar á slíkum gögnum.

Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands hefur kynnt sér nýju löggjöfina og ljóst er að það mun reynast hreyfingunni afar kostnaðarsamt og tímafrekt að innleiða hana. Það er vert að benda á að íþróttahreyfingin er sjálfbóðaliðahreyfing sem telur um 1000 einingar innan vébanda ÍSÍ. Hreyfingin er ekki rekin í hagnaðarskyni og þiggur fjárframlög frá opinberum aðilum, ríki og sveitarfélögum. Kostnaður vegna nýrrar löggjafar um persónuvernd er íþyngjandi og flækjustig talsvert, ekki síst vegna samábyrgðar á upplýsingum um iðkendur og félagsmenn í hreyfingunni. Kortlagning á stöðunni og gerð vinnsluskraá er því viðamikil verkefni. Einnig má gera ráð fyrir því að þjálfun og fræðsla til starfsfólks og möguleg ráðning persónuverndarfullrúa verði ærin og kostnaðarsöm, ekki einungis vegna innleiðingar löggjafarinnar heldur til frambúðar.

Skipulag íþróttahreyfingarinnar er nokkuð flókið og utanumhald persónugreinanlegra upplýsinga er víðfeðmt. Hreyfingunni ber m.a., samkvæmt undirrituðum samningum ríkisstjórnar Íslands við alþjóðasamtök þar að lútandi, að framfylgja lyfjaeftirliti í hreyfingunni og einnig stendur hreyfingin fyrir eigin dómskerfi og dómstólum. Skyldur gagnvart þriðja aðila, sem t.d. eru alþjóðaiþróttasambönd úti í heimi, vegna þátttöku í leikum og alþjóðamótum eru einnig til staðar.


Það mun taka tíma fyrir allar einingar hreyfingarinnar að ná að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til ábyrgðaraðila við innleiðingu löggjafarinnar. Það er því nauðsynlegt að gefið verði nægilegt svigrúm til innleiðingar og að viðurlögum verði ekki beitt þegar í stað.

Að lokum vill Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands koma á framfæri gagnrýni á það hversu knappur tími var gefinn til umsagnar á svo umfangsmiklu frumvarpi.

**Með kveðju,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**



Láraus L. Blöndal
forseti



Liney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri